

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 3-2017

Tími: Föstudagur 17. mars 2017 á Keldnaholti og í síma kl. 14:00

Mætt: Björn Þorsteinsson, Hafdís Hanna Ægisdóttir, Helena Guttormsdóttir og Bjarni Stefánsson á Keldnaholti og Þuríður Lillý Sigurðardóttir í símanum. Margrét Gísladóttir kom inn á fundinn símleiðis. Hilmar Janusson var fjarverandi. Guðríður Helgadóttir ritaði fundargerð.

1. Almennar upplýsingar úr skólastarfinu.

Á vordögum hefur verið mikið að gera í kynningarstarfi bæði fyrir háskólanám og starfsmenntanám. Ákveðið var að bæta í fjármunum í kynningarstarf frá því sem áður hefur verið. Lagt hefur verið til að skólinn ræði við auglýsingastofu um að leggja upp kynningaráætlun fyrir skólann, samhliða því að skerpa á ímynd hans.

Deildarforseti flutti erindi á ársfundi Bændasamtaka Íslands á Akureyri og telur hún að innan BÍ sé mjög góður vilji til samvinnu við skólann og menn almennt jákvæðir í garð hans. Bændur eru farnir að huga vel að umhverfismálum og þar er skólinn faglega sterkur.

Ákveðið hefur verið að efna til málþings um landnýtingu og loftslagsmál þann 18. maí næstkomandi þar sem athygli verður vakin á umsvifum Lbhí á þessu fagsviði.

Rektor hefur tekið þátt í reglubundinum fundum í ANR um stefnumörkun ráðuneytisins fyrir Málefnasvið 12 – Landbúnaður. Þar hefur rektor vakið athygli á þeim málaflokkum sem Lbhí hefur sinnt og getur miðlað til annarra.

Skólanum hefur borist Fjárveitingabréf frá menntamálaráðuneyti. Bréfið er sundurliðuð staðfesting ráðuneytisins á fjárveitingum til stofnunarinnar á grundvelli fjárlaga, auk áherslna í rekstri á fjárlagaárinu.

Nýr nemendahópur Landgræðsluskólans er kominn í hús, alls 14 nemendur og byggir aukningin á auknum fjárveitingum til skólans.

2. Verkefni starfshóps um eflingu Lbhí

Rektor hefur óskað eftir fundi í ráðuneyti vegna útfærslu á samningi varðandi starfslok hans sem rektors og endurkomu í fyrra starf sem prófessor. Samstarf meðal lykilstjórnenda hefur verið gott. Reglubundin fréttabréf hafa farið út og birtingar fundargerða framkvæmdastjórnar og háskólaráðs hafa verið bættar. Gengið hefur verið eftir skilum starfsmanna á svörum við spurningalista um starfsánægju og starfsanda. Starfsmannasamtöl og vinnsla starfslýsinga eru í gangi. Allar formlega samþykktar verklagsreglur eru birtar á heimasíðu en sumar eru enn í ferli.

Vinna við umbætur og stefnumörkun er skemmra á veg komin, vinna er hafin innan háskóladeildar og hefur úrvinnsluskjal verið sent á alla starfsmenn deildar til skoðunar.

Auglýsing rektorsstöðu hefur verið send til umsagnar og athugasemda meðal háskólaráðsmanna. Gert er ráð fyrir umsóknarfresti til 25. apríl og ráðningartíma frá 1. ágúst 2017. Farið var yfir

auglýsinguna og orðalag mótað. Jafnframt voru ráðsmenn beðnir að velta fyrir sér hverjir kæmu til greina í valnefnd fyrir rektorsstöðuna.

Auglýsing um rektorsstöðu var samþykkt og mun rektor fela launafulltrúa að koma auglýsingunni í birtingu.

3. Framtíð samnings um Mið-Fossa

Rektor setti á fót starfshóp sem fékk það verkefni að kanna fýsileika þess að flytja reiðkennslu frá Mið-Fossum að Hvanneyri og hvað þyrfti til og var minnisblað með niðurstöðum hópsins sent á háskólaráðsfulltrúa til kynningar. Mikilvægt er að ekki verði dregið verði úr möguleikum nemenda til að stunda hestamennsku samhliða námi. Einnig kom fram að fari skólinn í uppbyggingu aðstöðu á Hvanneyrarstað gæti það haft mjög jákvæð áhrif á ímynd skólans, bæði út á við og eins inn á við til nemenda og starfsfólks.

Starfshópi var falið að vinna áfram að frekari útfærslu á möguleikum.

4. Önnur húsnæðis- og leigumál

Foktjón varð á Reykjum og hefur verið ráðist í viðgerðir á þaki. Erindi hefur verið sent inn til fjármálaráðuneytis til að fá bætur fyrir það tjón.

Varðandi aðrar framkvæmdir á Reykjum hefur Pétur Bolli Jóhannsson, verkefnastjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins haldið utan um það verkefni. Rektor leggur áherslu á að frumathugunarskýrsla liggja fyrir í lok apríl.

Hafrannsóknastofnun flytur út frá Keldnaholti fyrir næstu mánaðamót. Skólinn mun auglýsa þriðju hæð austurálmú hússins til leigu í kjölfarið. Rektor hefur verið í sambandi við Ríkiseignir um þessar breytingar.

Fyrirhugaðar eru tiltektir á Keldnaholti og Hvanneyri til að bæta nýtingu húsnæðis. Nýtt deiliskipulag fyrir Hvanneyri fer senn í kynningu en þar er gert ráð fyrir að hægt sé að auka við núverandi stærð nemendagarða um 35% á næstu 10 árum.

5. Afgreiðsla reglna um meistara- og doktorsnám

Nýjar reglur um meistara- og doktorsnám hafa áður verið sendar út ásamt greinargerð og eru þær samþykktar með áorðnum breytingum frá og með 17. mars 2017.

6. Önnur mál

a) Þróunarmöguleikar náms við Lbhí.

Nýlega hafa námskrár búfræði og garðyrkjugreina verið endurskoðaðar í samráði við fulltrúa atvinnugreinanna utan skólans.

Námskrá fyrir búrekstrarfræði á fjórða hæfniprepi hefur verið sett saman í samvinnu við Bifröst og bent á það nám sem valkost varðandi nám á fagháskólastigi. Ákveðið var að bjóða ekki upp á fjarnám í búfræði næsta vetur.

Varðandi háskólanámið þá hefur verið ákveðið að skipa í faghópa fyrir háskólanámsbrautir til að tengja námið betur við atvinnulífið. Aðsókn að fámennari námsbrautum má hugsanlega bæta með skýrari ímyndar- og kynningarvinnu fyrir skólann. Almennar umræður urðu um þróun náms og kennslu við skólann.

b) Siðanefnd

Rektor upplýsti háskólaráð um stöðuna varðandi skipan siðanefndar. Vonast er til að siðanefnd verði fullskipuð fyrir næsta fund.

7. Frágangur og samþykkt fundargerðar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.